

Viðfangsefni 6.

Könnun rúmmáls og yfirborðsflatarmáls keilu og sívalnings.

Keila.

1. Opnaðu:

<http://www.geogebra.org/en/upload/files/english/lewisprisco/cone.html>

2. Kannaðu hvað gerist ef punktar á stikunum eru færðir til. Þú ættir að geta breytt stærð og lögum keilunnar og séð formúlur og útreikninga.

3. Hvert verður rúmmálið ef hæðin er helminguð?

4. En ef geislinn er helmingaður?

5. Hvert verður rúmmálið ef bæði hæð og geisli eru helminguð?

6. Hvert er hlutfallið milli rúmmáls nýja keilunnar og keilunnar sem þú byrjaðir með ef hæð er helminguð?

7. Hvert er þetta hlutfall þegar geislinn er helmingaður ?

8. Hvert er þetta hlutfall þegar bæði hæð og geisli eru helminguð?

Sívalningur.

9. Opnaðu:

<http://www.geogebra.org/en/upload/files/english/lewisprisco/cylinder.html>

10. Kannaðu hvað gerist ef punktar á stikunum eru færðir til. Þú ættir að geta breytt stærð og lögun sívalningsins og séð formúlur og útreikninga.

11. Hvert verður rúmmálið ef hæðin er helminguð?

12. En ef geislinn er helmingaður?

13. Hvert verður rúmmálið ef bæði hæð og geisli eru helminguð?

14. Hvert er hlutfallið milli rúmmáls nýja sívalningsins og þess sem þú byrjaðir með ef hæð er helminguð?

15. Hvert er þetta hlutfall þegar geislinn er helmingaður?

16. Hvert er þetta hlutfall þegar bæði hæð og geisli eru helminguð?
